

## Fundargerð 300. stjórnarfundar Stjórnvísí

---

**Verkefni: 300. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 5.janúar 2021 á TEAMS.**

### Efni fundar:

- Nýársfundur 7.janúar kl.09:00-10:00 Töfrar í tengslanetinu.
- Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna)
- Fundur með fagráði
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí
- Nýársfagnaður í ársbyrjun
- Íslenska ánægjuvogin 2020
- Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2021
  - Fundarstjóri
  - Fyrirlesari
  - Fyrirkomulag
- Önnur mál

<b>Dags.fundar:</b> 5.janúar 2021	<b>Tími:</b> 11:00-12:00	<b>Nr. fundar:</b> 300
<b>Fundarboðari:</b> AOG	<b>Fundarritari:</b> GA	<b>Staður:</b> Teams

**Viðstaddir:** Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Steinunn Ketilsdóttir, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín, Jón Gunnar Borgþórsson, Ingi Björn Sigurðsson

**Fjarverandi:** Guðný Halla Hauksdóttir

**Gestir:**

---

### Samantekt og niðurstaða fundar

#### 1. Nýársfagnaður stjórna faghópa Stjórnvísí

Nýársfagnaður stjórna faghópa Stjórnvísí verður að þessu sinni á Teams. Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir formaður stjórnar mun fara örstutt yfir hvernig stuðningi við stjórnir faghópa hefur verið háttað í vetur. Í framhaldi verður boðið upp á frábæran fyrirlestur „Töfrarnir í tengslanetinu“. Gott tengslanet er gulls ígildi, en hvar á að byrja? Nú sem aldrei fyrr skiptir miklu máli að huga bæði að árangri og tengslum. Hvernig er mögulegt að nota aðferðir úr markaðsfræði og viðskiptum til að ná árangri í starfsframa og skapa tækifæri.

Hvernig getur þú notað töfrana í tengslanetinu þínu til þess að auka sýnileika þinn og koma þinni rödd á framfæri? Hvernig hefur þú áhrif með þekkingu þinni?

Hvernig getum við aðlagð okkur og nýtt tækifærin sem eru í “fjartengingum” losnað úr viðjum vanans og gert tilraunir í stjórnun?

Marianna og Ósk Heiða eru kraftmiklir fyrirlesarar og má búast við orkumiklum viðburði!

#### 2. Staða verkefna (áhversluverkefna og annarra verkefna).

## Verkefni stjórnar starfsárið: 2020 – 2021

### 1. Stuðningur við stjórnir faghópa.

Ábyrgðaraðilar: **Ásdís**, Aðalheiður, Steinunn, Ingi Björn.

Stjórn þessa faghóps fundar í næstu viku og er búin að vinna gríðarlega mikið starf í vetur. Það nýjasta er að boðið verður mánaðarlega upp á fundi með framkvæmdastjóra þar sem nýjungar verða kynntar og stjórnir faghópa hvattar til að koma með tillögur að fundarefni. Skoðað var að gríðarlegt álag erúið að vera í að vera stuðningur við faghópanna. Allir fyrirlestrar eru online og margir óöruggir. Aðilar fóru því yfir allar leiðbeiningar á vefnum fyrir stjórnir faghópa til að einfalda þær og gera skýrari. Allar verklagsreglur hafa verið yfirfarnar og útið að gera ný myndbönd sem auðvelda stjórnnum faghópa að stofna viðburði á vef, stofna Teams tengil og stofna facebookviðburð. Nýlega var einnig haldinn fundur fyrir stjórnir faghópa sem er aðgengilegur á Teams. Senda á út póst á allar faghópastjórnir til þess að benda á þessar nýju upplýsingar og hvetja formenn til að deila þekkingu. Allir formenn faghópa hafa admin aðgang á facebook síðu Stjórnvísí og geta gefið öðrum í stjórn faghópsins aðgang. Þannig ættu þeir að geta sett inn fundi af Teams inn á facebooksíðu félagsins.

### 2. Markaðsmál og sýnileiki

Ábyrgðaraðilar: **Ósk Heiða**, Stefán Hrafn, Jón Gunnar, Guðný Halla.

Rakel hönnuður Stjórnvísí og Ósk Heiða eru búnar að hittast nokkrum sinnum og voru kynntar tillögur sem komu frá hönnuði varðandi nýtt útlit. Þessi vinna snýst um að samræma ásýnd vörumerkisins við styrk fagmennsku. Rakel fór í vinnu við að nýta áfram dropann og hefur leikið sér með nýjar birtingarmyndir hans. Einnig kom hún með tillögu að breytingu á litum. Niðurstaðan var sú að Rakel myndi velja það sem henni líst best á. Passa verður vel upp á að hnappar verði vel sýnilegir. Stjórnir eru hvattar til að deila viðburðum á facebooksíðu Stjórnvísí og á sínum eigin aðgangi á LinkedIn. Útbúa á sérstaka bakgrunnsslæðu fyrir stjórnir faghópa til að nota á fundum. Verið er að bíða eftir Stefnu varðandi að uppfæra heimasíðuna. Núna er allt efni fullgert og útið að senda á Stefnu frá Rakel hönnuði Stjórnvísí. Mikið er að gera hjá Stefnu og því hefur tafist að koma uppfærðri hönnun á síðuna en von er á að það gerist í upphafi næstu viku. Í dag 5.janúar 2021 var kynnt nýuppfærð heimasíða félagsins sem hefur vakið mikla jákvæða athygli og allt efni fyrir stjórnir faghópa er komið inn á heimasíðuna.

### 3. Samstarf við aðra aðila um jafningjafræðslu

Ábyrgðaraðilar: **Jón Gunnar**, Sigríður, Steinunn, Ásdís,

Hópurinn hittist 28.óktóber og ræddi hversu mikið ætti að leita út til annarra félaga. Áherslan á að vera á grasrótinni og við getum því ekki skipt okkur of mikið af því hvernig hóparnir vinna heldur að hvetja alla til að sækja meira inn í fræðasamfélagið þ.e. kynna nýjar rannsóknir. Einnig var rætt hverju væri verið að ná fram. Framkvæðið þarf að koma frá grasrótinni. Niðurstaðan var sú að fara ekki í meira samstarf en nú er. Ákveðið að setja verkefnið á ís fram í janúar og taka upp stöðuna þá. Háskólarnir eru meðvitaðir um að vera með og alltaf skemmtilegt að blanda saman fræðasamfélaginu og vinnustaðnum.

1. Atvinnulífið (KPMG stjórnarhættir)
2. Háskólarnir
3. Opinberir aðilar - stjórnkerfið
4. Opinberir aðilar - fyrirtækin
5. Samtök atvinnulífsins
6. Samstarf með háskólanum á Akureyri
7. Símenntunarmiðstöðvar út um allt land

8. Stjórnunarfélag suðurlands Selfoss -
9. Sinnum landsbyggðinni - fáum flotta fyrirlestara þaðan og streyma

3. **Fundur með fagraði** var haldinn 8. desember og var á Teams í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu. Fagraði var send fundargerð vinnufundar stjórnar frá því í vor ásamt linkum og fréttum frá því helsta sem hefur verið á döfni. Mikilvægt er að fagrað sé sem best undirbúið og geti gefið félaginu góð ráð úr sínum viskubrunni. Leitast verður eftir álit þeirra á afhendingu Stjórnunarverðlauna Stjórnvísi 2021. Fagrað hvatti Stjórnvísi til þess að fara í stutta stefnumótun helst í janúar þar sem nú er komin ný veröld. Einnig til þess að halda Stjórnunarverðlaununum óbreyttum. Það sem kom fram hjá fagraði varðandi hvað þau upplifa að vel sé gert er hversu fljótt og vel hefur gengið að **innleiða Teams** og sá **miklu fjöldi funda** sem er á dagskrá. Frábært að fyrirlesarar hafi samþykkt að halda fyrirlestra á rafrænum fundum og leyfa upptökur. **Gott að geta horft á fundi** hvenær sem hentar þar sem nær **allir eru teknir upp** og aðgengilegir eftir á (jafnvel hægt að horfa á nokkra í einu á kvöldin). Mikil **fjölbreytni í dagskránni** og gaman að sjá hversu **faghópum hefur fjölgað** og eru fjölbreyttir. Einnig að gott er að sjá að fundir eru nú í æ meira mæli **í hádeginu** og styttri. Þema Stjórnvísi þetta starfsárið er „**Ár aðlögunar**“ og þar hefur heldur betur tekist vel til. Frábært að **LinkedIn** er orðið virkt og mikilvægt að setja stefnu um virkni þar. Ástæða þess hve vel hefur gengið eru öflugir faghópar og stjórn sem byggja á **góðum og sterkum grunni**. Er ekki tímabært að ræða vel **hvernig á að keyra viðburði** í framhaldi. **Marka stefnuna** um hvernig viðburðirnir verði. Það er ljóst að framtíðin verður „**hybrid**“ þ.e. sambland af fundum á staðnum og fjarfundum. Áskorun að sýna fram á **virði þess að mæta á staðinn** í stað þess að fólk haldi áfram að mæta á fjarfundinn - lykilsurning, því starfið gengur út á tvennt, **fræðslu og tengslamyndinun**. Stjórnvísi þarf að spyrja sig: Viljum við að **fjarfundarfyrirkomulagið** verði ríkjandi í framtíðinni? Hvernig verður tengslamyndunin ef fjarfundafyrirkomulagið verður ríkjandi? Ef við viljum halda áfram að halda fundi þar sem fólk mætir á staðinn, þá verðum við að sýna fram á **virði þess að mæta**. Virðið verður að trompa tímenn sem fer í að ferðast til og frá staðnum m.ö.o. Einhvern veginn verðum við að gera fólk kleift að „**klukka**“ þá sem eru mættir á staðinn á fund og auðvelda tengslamynduna fyrir þau sem mæta á staðinn, þannig að auðvelt verði að sjá virðið í að mæta.

4. **Fréttir af faghópum**. Fjöldi félaga á fundum sló öll fyrri met í desember og er fjöldi þeirra sem hafa mætt á fundi það sem af er vetrar hærrí en allt árið í fyrra. Fjöldi funda er einnig meiri en nokkru sinni og stöðugt bætast í hópinn ný fyrirtæki
5. **Fjárhagsstaða Stjórnvísi** er samkvæmt áætlun, árið endar í einhverjum örlitlum minus. Reikningar hafa verið sendir út og eru greiðslur þegar byrjaðar að berast en gjalddagi er í dag 5. janúar og eindaga 10. janúar. Ný fjárhagsáætlun verður send út nú í mánuðinum.
6. **Önnur mál**.
  - Íslenska ánægjuvugin – fundur nú í vikunni með stjórn Íslensku ánægjuvogarinnar. Mælingum lýkur nú í lok vikunnar.
  - Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi – forsetinn mun afhenda þau í lok mars

- Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum – stjórn samþykkt hækkun á kostnaði við yfirferð skýrslna og samstarf komið á með VÍ, SA og Nasdaq.